



Fundargerð hafnarnefndar 07. júlí 2015

Fundur hafnarnefndar Vopnafjarðarhrepps var haldinn þriðjudaginn 7. júlí 2015 kl.: 08:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Á fundinn voru mætt: Hjörtur Davíðsson, Þorgrímur Kjartansson, Ólafur Áki Ragnarsson hafnarstjóri, Erla Sveinsdóttir og Hrafnhildur Helgadóttir.

Dagskrá:

1.mál: Opnunartími hafnarinnar.

Ákveðið að opnunartími hafnarinnar verði virka daga frá kl.: 08:00 – 18:30 og á sunnudögum frá kl. 17:00 -19:00. Einnig kom fram að útköllum eftir kl. 22:00 til 06:00 verði ekki sinnt. Nefndin setti fram eftirfarandi bókun:

Bókun: Ákveðið var að fjallað yrði sérstaklega um opnun hafnarinnar á næstkomandi grásleppuvertíð og það auglýst síðar.

2.mál: útboðsgögn.

Útboðsgögn vegna dýpkunar hafnarinnar lögð fram til kynningar, hafnarnefnd samþykkir þessi gögn með smávægilegum breytingum.

3.mál: Önnur mál.

a) Líftími Ásgarðs.

Nefndin ræddi það að fá aðila frá Vegagerðinni til þess að koma og skoða þessi mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið.